

Grundarfjarðarbær
Borgarbraut 16
350 Grundarfjörður

Reykjavík, 18. október 2024
UST202409-091/A.B.
10.04.02

Efni: : Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 og nýtt deiliskipulag - Iðnaðar- og athafnasvæði vestan Kvernár

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grundarfjarðarbæjar er barst 9. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um að breyting á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 og nýs deiliskipulags fyrir iðnaðar- og athafnasvæði vestan Kvernár.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að efnistökusvæði (E-3) verði fellt út og allt svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði (I-1), sem stækkar sem því nemur. Auk þess segir að samhlíða breytingu vegna stækkunar iðnaðarsvæðisins eru mörk aðliggjandi landnotkunarreita lagfærð án þess að það feli í sér verulega stefnubreytingu um landnotkun.

Efnistökusvæði

Í greinargerð kemur fram að efnistökusvæði verði fellt út en einnig kemur fram að efni verði áfram tekið úr efnisnámu á vestur- og suðurhluta svæðisins í tengslum við landmótun fyrir nýjar lóðir. Stofnunin telur að skýrt þurfi að vera hvort áfram verði um efnistöku að ræða á svæðinu með öflunar efnis sem megintilgang, eða hvort eingöngu verði um að ræða framkvæmdir við undirbúning iðnaðarlóða.

Verndarsvæði

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á verndarsvæði Breiðarfjarðar vegna nálægðar við verndarsvæðið. Umhverfisstofnun vill benda á lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur þeirra er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndanna, lífríkis og menningarminja.

Auk þess er Breiðafjörður skilgreindur sem mikilvægt fuglasvæði og því mikilvægt að fjalla um svæðið og meta áhrif tillögunnar á það. Einig þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á vatnsverndarsvæðið vegna nálægðar við það.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Umhverfisstofnun telur það jákvætt að í deiliskipulagi verði hugað að því að meðhöndla ofanvatn með

blágrænum ofanvatnslausnum þar sem það er mögulegt, en huga þarf að mengunarhættu frá starfsemi við staðarval slíkra lausna.

Vatn

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan getur haft áhrif á vatn þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á vatn í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹ í greinargerð. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó,).

Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagsлага og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn).

Til að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lögin og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun þarf að liggja fyrir mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðkomandi vatnshlot sem leyfisveitandi tekur afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðaþætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála.² Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðaþætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin (sjá töflu á vefsíðu stjórnar vatnamála³). Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðaþættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).

¹ <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaetlun-2022-2027/>.

² [Umhverfisstofnun | Stjórn vatnamála](#)

³ [Umhverfisstofnun | Vöktunaráætlanir og skipulagning vöktunar \(vatn.is\)](#)

- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

Starfsleyfi

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrari hætti í skipulagstillögunni hvers kyns starfsemi sé leyfileg til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur